



Um Gjallarbrú

Eftir Þórdísi A. Sigurðardóttur.

Það verður seint sagt að 12.maí 2010 hafi verið tilhlökkunardagur í Dallandi. Sú dagsetning varð loks ofan á, eftir langan aðdraganda að erfiðri ákvörðun um að láta fella fjóra elstu hestana á bænum. Þetta voru þau Sókron frá Sunnuhvoli 34 vetra, Kráka frá Dallandi 32 vetra, Þokki frá Höskuldsstöðum 30 vetra og Dúkkulísa frá Dallandi 27 vetra. Uppáhaldshestarnir okkar góðu, sem fylgt höfðu okkur í áratugi. Kráka var t.d. fyrsta folaldið sem fæddist í Dallandi. Öll voru þau orðin mædd af elli og töldum við eðlilegast að þau færu saman í ferðalagið mikla eftir að hafa eytt nær allri ævinni hvert með öðru. Kráka og Dúkkulísa voru sammæðra undan Lýsu frá Efri-Rotum undir Eyjafjöllum. Lýsa var fyrsta merin sem við keyptum og varð hún upphafið að hrossaræktinni okkar. Þokki og Dúkkulísa voru samfeðra undan Hrafni frá Holtsmúla. Skarð þessara hossa verður aldrei fyllt þó að við höfum eignast vini í öðrum góðhestum seinna. Það er merkilegt hve mikið,, mállaus“ dýrin ná að tjá sig þannig að menn skynja og skilja þau. Að eiga sama hestinn eða dýr í áratugi er alveg sérstök lífsreynsla. Maðurinn og dýrið fara að þekkjast svo vel, treysta og skoða og álykta bæði kosti og galla hvors annars . Þegar ég hugsa um þessa dásamlegu vini mína er mér efst í huga þakklæti fyrir að hafa verið svona heppin að fá að njóta þeirra svona lengi og eiga svona góðar endurminningar .

Samantekt á helstu afrekum hinna fjögurra fræknu.

Sókron varð 3. í A flokki gæðinga á Landsmóti á Vindheimamelum 1982, 6 vetra gamall

Sókron vann þrisvar sinnum A flokkinn á Hvítasunnumótum Fáks.

Þokki varð 3. í A flokki gæðinga á Landsmóti á Hellu 1994, 14 vetra gamall

Þokki vann tvisvar sinnum A flokkinn á Hvítasunnumóti Fáks

Kráka eignaðist fjölda góðra afkvæma og farsælasta hryssa undan henni er Katla frá Dallandi

Dúkkulísa eignaðist fjölda frábærra afkvæma og fékk hún heiðursverðlaun fyrir þau árið 2006

Kráka frá Dallandi, Mosfellsbæ – IS1978225110

Eftir Þórdís Öldu Sigurðardóttur

Kráka var fyrsta folaldið sem fæddist hér í Dallandi. Það var 17. júní árið 1978 að Lýsa frá Efri – Rotum (keypt 1975) reyndi ítrekað að stinga okkur, forvitna eigendurna, af til að fá næði við að koma fyrsta afkvæminu sínu í heiminn. Einhverntvegginn tókst okkur þó að koma Lýsu heim á tún í tæka tíð og þar leit Kráka litla dagsins ljós í fyrsta sinn. Nokkrar ljósmyndir tókum við af atburðinum.



Lýsa og Kráka | 1978

Faðir Kráku var Krummi, oft kenndur við Hafnarfjörð, og var hann í eigu Böðvars bóksala þar í bæ. Ágúst sonur hans keppti talsvert á þessum hesti um þetta leyti. Krummi var klárhestur með góðu tölti svartur að lit, frekar smávaxinn, vel reistur og einstaklega faxmikill. Hann var ættaður frá Syðra – Skörðugili í Skagafirði, undan Blakk frá Sauðadalsá og Nös frá S- Skörðugili.

Í heiminn var semsé komin hryssa sem hér átti eftir að marka spor. Kráka litla var háfætt og spengilegt folald. Fullvaxin varð hún í meðallagi stór, yfirbragðið fíngert, svo sem höfuðið og hálsinn og fætur voru grannir. Kráka var klárhryssa með ágætu tölti og fínunum vilja. Hún hafði þjála lund og góða fótlyftu. Urðu afkvæmi hennar 13 talsins, flest lík henni um margt en voru ýmist smá og snaggaraleg í hreyfingum eða lofthá og grannvaxin. Það fór bara eftir því hvaða hestar voru notaðir.




Sólbjartan vordag árið 2006 var haldið ættarmót í Dallandi. Sjö af afkvæmum Kráku (og eigendur þeirra) heimsóttu aldraða móður sína. Öll voru þau stödd á Stór-Reykjavíkursvæðinu en sveitastelpurnar Katla og Kúnígúnd voru bara sóttar út í stóð. Kráka stendur svolítið álút á milli Gunnars og Þórdísar og lítur svo á að uppeldisskyldu sinni sé lokið.

Frá vinsrí: Skúli Jóhannsson heldur í hest sinn Kost, Adolf Snæbjörnsson heldur í hestinn Krumma, Valdimars Harðarsonar og Guðnýjar Magnúsdóttur, Gunnar Dungal heldur í Kúnígúnd, Kráka er næst, þá er Þórdís með Kötlu, Viðar með Kjark, hest Elísabetar Björnsdóttur og Jóns Pálmasonar, Davíð Ingimarsson er með Klemens Ingimars Jónsson og Ingimar með hestinn Krók sem var síðasta afkvæmi Kráku.

Kráka var tamin og sýnd af Ólafi Þórðarssyni og fékk hún 7.61 í aðaleinkunn en eftir það notaði ég hana sem reiðhest í nokkurn tíma áður en hún fór í folaldseignir.

Við notuðum góða fyrstu verðlauna stóðhesta fyrir Kráku og fengum alltaf fallega, góða og meðfærilega reiðhesta og nokkra keppnishesta undan henni.

Einn veturinn missti Kráka tvíburafóstur sem voru undan Gáska frá Hofsstöðum. Að öðru leyti var hún einstaklega farsæl. Þegar aldurinn færðist yfir hana fékk hún hófsperru, en hjarnaði þó við og átti nokkur folöld eftir það. Annað var það nú ekki sem angraði þessa elsku. Þrjár fyrstu verðlaunahryssur út frá Kráku eru notaðar í hrossaræktuninni okkar í dag, þær eru allar undan Kötlu sem er Stígsdóttir. Eins eru ennþá ung hross í Dallandsstöðinu sem ættuð eru út frá Kráku. Katla, er nú eina eftirlifandi hryssan undan Kráku og hefur Katla langoftast eignast hryssur sem hafa verið ýmist alhliða eða klárhryssur. Öll Kötluafkvæmi hafa farið í fyrstu verðlaun fyrir byggingu.



Katla f.1987

Dúkkulísa

Klárhryssan Katla dóttir Kráku varð í 5. sæti í flokki 6.v hryssna og eldri á Landsmóti á Hellu 1994. (Fékk m.a. 10 fyrir hófa).

Tvær aðrar dætur Kráku þær Kúnígúnd og Kórund eignuðust úrvals afkvæmi. Þær urðu ekki langlífur því miður.



Kráka og Kúnígúnd litla

efst t.h. Krákustígur / Kráka og Kórund nýköstuð

Margir hestar undan Kráku sjálfri hafa verið sýndir eða tekið þátt í keppnum . Sem dæmi um hesta sem keppt hefur verið á má nefna: Krákustíg , (undan Náttfara frá Ytra- Dalsgerði .) seldur Hreggviði Eyvindssyni , Klemens (undan Otri, Sauðárkróki) seldur Ingimari Jónssyni , Kostur (undan Hjörvari frá Ketilsstöðum) seldur Adolphi Snæbjörnssyni. Ketill (undan Stíg frá Kjartansst.) seldur til Svíþjóðar. Kóngur (undan Hrafni frá Holtsmúla) seldur til Svíþjóðar og fl.



1990

Krækustígur sýndur Englandsdrottningu og fylgdarliði , knapi Adolf Snæbjörnsson



Krækustígur var valinn fallegasti hestur sýningar í Reiðhöllinni Víðidal, knapi:Sigurður Marinusson



Kráka ung að árum



Þrjár kynslóðir á fæðingardeildinni með afkvæmum sínum.

Lýsa með Ljósfara Andvarason

Kráka með Ketill Stígsson

Kórund með Gnýfara Andvarason.



Atli Guðmundsson á Kötlu, Kráku og Stígsdóttur sem varð 5. í 6 vetra fl. hryssna á Landsmótinu á Hellu 1994



Kráka frá Dallandi 31 vetra í nóvember 2009



Vinirnir óaðskiljanlegu, Sókron 32 og Kráka 30 vetra skýla sér fyrir sólinni í útigangshúsinu 2008



Jólin 2007, „ svona , svona kysstu mig nú Sókron minn“

Sókron 31 og Kráka 29 vetra. Ljósma Anna María Sigurjónsdóttir



Ljósm. Guðmundur Pétursson

Sókron sýndur af Ingimari við komu Elizabethar Englandsdrottningar í Dal 1990

Sókron frá Sunnuhvoli Skagafirði



Ljósm. Jón Steingrímsson

Sókron 6v. og Ingimar á Landsmóti, Vindheimamelum 1982, 3ja sæti í A flokki gæðinga.

Ingimar Ingimarsson - úr sjóði minninganna

Ég eignaðist Sókron haustið 1981, en þá var hann að fara í sjötta vetur. Það var tilviljun ein sem réði því, eins og svo mörgu öðru í lífinu, að ég eignaðist Sókron. Ég var á ferð á bíl í Blönduhlíð í Skagafirði þegar ég keyrði fram á ríðandi mann neðan við Hjaltastaði. Þetta reyndist vera Pétur Sigurðsson, bóndi og hestamaður á Hjaltastöðum, fallega ríðandi á mjúkgengum og reiðhestlegum brúnum fola. Við Pétur tókum tal saman sem að mestu snérist um þann brúna; hann reyndist vera falur og í eigu dóttur Péturs og tengdasonar, þeirra Bryndísar og Bjarna Friðrikssonar á Sunnuhvoli í Blönduhlíð. Áðuren við skildum var afráðið að ég keypti folann.



Landsmót 1982, Sókron og þáverandi eigandi hans Ingimar Ingimarsson

Ijósrm. Friðþjófur Þorkelsson

Sókron var undan Blika frá Hjaltastöðum sem var sonur Sóma frá Hofsstöðum og Kötlu frá Hjaltastöðum, en hún var dóttir Rauðs 618 frá Kolkuósi. Móðir Sókróns hét Stjarna frá Sunnuhvoli; ættin óbrengruð Austan-Vatna í anda þeirra félagá Björns á Hofsstöðum og Péturs á Hjaltastöðum.

Þegar þetta var var ég búsettur á Hólum í Hjaltadal og þangað tók ég hestinn síðla nóvember og kom honum þá á bak í fyrsta sinn og varð ekki fyrir vonbrigðum. Hann rann af stað hreingengur og fús og framhaldið varð síðan í samræmi við það. Töltilið eðlisgott og fyrirhafnarlaust, brokkinu þurfti að sinna þannig að hann stöðvaðist á því sem hann síðan lærði, stökkið í betri kantinum, fetið síst en skeiðið best; hann var flugvakur. Lundin var fremur ör og hesturinn mjög næmur og þurfti litlar bendingar t.d. við niðurtöku á skeið, bara að setjast aðeins í hnakkinn og þá flaug hann, viljinn ólgandi en ofríkislaus.

Um vorið fór ég með hann í úrtöku fyrir Landsmót og stóð hann þar efstur allhiða hesta fyrir Hestamannafélagið Léttfeta á Sauðárkróki, en ég var þá í því félagi; það var jafnframt hans fyrsta keppni. Ég mætti síðan með hann á Landsmót á Vindheimamelum í júlí 1982 og þar hafnaði hann í þriðja sæti í A-flokki, þar með lauk okkar sameiginlega keppnisferli sem spannaði aðeins tvær keppnir. Stax eftir mótið seldi ég vini mínum Gunnari Dungal í Dallandi Sókron en hann gaf síðan konu sinni Þórdísi Öldu hestinn, sem átti upp frá því heimilisfestu hjá þeim hjónum fram í háa elli.



Fornvinirnir Ingimar Ingimarsson og Sókron hittust í Dallandi haustið 2009

Að lokum.

Nafngiftin Sókron er þannig tilkomin að í janúar 1982 sá ég einhvern þátt í sjónvarpi þar sem til umfjöllunar voru grísku heimspekingarnir Sókrates og Platon (þeir voru uppi á bilinu 470 til 350 f. Kr.) og einhverra hluta vegna þá setti ég saman upphaf og endi þessara nafna og skýrði hestinn Sókron.



Séð yfir Skagafjörðurinn frá Hellisásnum ofan Stapavatns

Um Sókron eftir Ingimar Jónsson

Beiðni þín varðandi nokkur minningarbrot um Sókron hefur verið að gerjast hjá mér í nokkra daga. Hún hefur orðið til þess að ég hef rifjað upp fyrstu kynni mín af hestinum og hestamennsku, litið örlítið til baka sem oft er gott að gera. Mér finnst rétt í upphafi að þakka ykkur Gunnari fyrir það traust sem þið hafið sýnt mér í gengum árin og ekki síst þegar þið báðuð mig að sýna Sókron. Það var ekki auðvelt verkefni m.a. vegna þess að markið var sett hátt og ekkert annað en fyrsta sætið kæmi til greina en á þessum tímapunkti var það mér mjög mikils virði.

Ég settist á skólabekk í framhaldsdeild Samvinnuskólans haust 1982 og þjálfaði Sókron með skólanum vesturinn 1983. Gunnar Ágústson var við tamningar í Dallandi þennan vetur og hjálpaði mér með hestinn. Ég tók námið föstum tókum og spilaði einnig með unglingshljómsveitinni Upplýftingu, oft 2-3 kvöld í viku þannig að það þurfti að skipuleggja tímann vel. Ég hætti snemma í skólanum um vorið og hafði því góðan tíma til að undirbúa hestinn fyrir HvítasunnukappreiðarFáks.



Það er skemmst frá því að segja að Sókron var efstur í A-flokki gæðinga. Þetta var töluverður sigur því þarna voru mjög góðir hestar og margir þekktir knapar.



Sókron frá Sunnuhvoli og Ingimar Jónsson

Þegar ég nú lít til baka og rifja upp hvernig hestur Sókron var þá dettur mér fyrst í hug: Sókron var lítill og nettur, þjáll en á sama tíma harðviljugur, fimur og fljótur skagfirskur hestur. Tölt, brokk og stökk mjög gott og skeiðið frábært. Albert Jónsson orðaði þetta ágætlega á Hellu 2008 þegar við töluðum saman um Sókron; “Maður þurfti bara að hleypa honum og rugla svo eitthvað í taumunum, hann sá um rest”. Og þvílíkt skeið, ég hafði aldrei kynnst öðru eins, hann henti sér niður að framan og flaug. Maður tárfeildi iðulega, hraðinn var slíkur en ekki síður vegna þeirrar ánægju sem maður fann fyrir eftir þá skeiðspretti sem ég upplifði á Sókron. Hann var af sömu kynslóð hesta og Fjölur og Börkur frá Hofstöðum en Sómi frá Hofstöðum var afi hans. Það má segja um alla þessa þrjá hesta að skeiðið hafi verið fyrsta flokks en einnig mikil gæði á öðrum gangtegundum, ásamt vilja og snerpu. Þessir hestar voru allir svokallaðir “austanvatna hestar”, ættaðir frá Svaðastöðum. Maður sér ekki marga svona hesta á keppnisvöllinum í dag, þar sem fótaborður skipir öllu máli, oft á kostnað mýktar, léttleika og rýmis.

Garðabæ 14. júní 2010

Ingimar Jónsson



Aftur kemur vor í Dal

Sókron (1976-2010) eftir Þórdísi Öldu Sigurðardóttur

Sókron frá Sunnuhvoli var stórkostlegur hestur um svo margt og því langar mig að deila hér nokkrum minningarbrotum og lýsingum á þessum ógleymanlega félagi mínum. Glaumur hét annar einstakur reiðhestur sem ég átti nær öll Sókronsárin og varla er því hægt að minnst Sókrons, (meðan hann var í minni umsjá)nema Glaumur komi þar eitthvað við sögu . Glaumur var felldur árið 2007 .



Sókron síðasta haustið



Ég berst á fáki fráum.....

Sókron átti ættir sínar að rekja til Hjaltastaða í Skagafirði (sjá nánar um ættir í grein Ingimars Ingimarssonar). Hann var fæddur og frumtaminn á Sunnuhvoli hjá Bryndísi dóttur Péturs Sigurðssonar á Hjaltastöðum og manni hennar Bjarna. Sókron var mjög næmur hestur, sem var einhver sérstök blanda af forvitni, ákveðni og hræðslu við hið óvænta og óþekkta. Mikill fjörhestur var hann alla tíð og feikilega rúmur á öllum gangi og virtist alltaf vera í stuði, ef svo má segja. Hann var brúnn að lit, smár vexti og samsvaraði sér vel í byggingu. Faxprúður var hann ekki og því var hið einstaka augnatillit hans alltaf auðsjáanlegt. Þrátt fyrir smæð sína var hann reistur og glæsilegur í reið. Allar hreyfingar hans einkenndust af léttleika, lipurð og mýkt. Ekki minnst ég þess að hann hafi nokkur tíma veikt eða verið með einhver mein eða kvilla. Hann var einstaklega snar í snúningum hvort heldur hann var úti að atast í öðrum hrossum eða með mannum í hverskonar reið. Þar af leiðandi var hann hesta bestur, ef hleypa þurfti í snarheitum fyrir hross. Hann var svo ótrúlega liðugur í skrokknum og þó hann væri með þennan ólgandi vilja þá svaraði hann öllum ábendingum knapans umsvifalaust. Hann var fótviss með afbrigðum í öllum ójöfnum, hvort heldur var í þýfi, grjóti eða á kjarri vöxnum bugðóttum stígum. Fyrst í hárrí elli fór hann að gefa sig í fótum og átti þá til að hrasa.

Á birkiilmandi skógarsíg kom ég fyrst á bak Sókróni mínum. Þetta var að áeggjan Ragnars Hinrikssonar sem var í hestaferð með okkur um Skorradal. Mér fannst þessi hestur nú ekki vera beint árennilegur, svo fjörugur sem ég vissi að hann var. En ég ákvað samt að fara á bak honum og féll nær samstundis fyrir honum. Hann var fimur sem köttur. Þarna sveigði hann sig milli birkitrjáanna með leifturhraða á eftir lausu hrossunum og ég mátti hafa mig alla við að fylgja eldsnöggu hreyfingum hans eftir. Þetta voru ógleymanleg kynni. Þó að ég þekkti hestinn lítið þarna, var ég samt strax einkennilega örugg í hnakknum og fann að gott samband myndi verða okkar á milli. Þennan sama dag, hafði Sókron tryllst þegar girðingardræsa festist í tagli hans. Þurftu vaskir menn að svífa á hann og stöðva, til að koma vitinu fyrir hann. Mér hafði mér ekki litist á þessa uppákomu og skil ekki enn þann dag í dag hvernig í þorði á bak þessum „vitleysingi“ seinna um daginn. Sókron var alltaf

mjög hræddur við allt sem lá laust í reiðleið , vírdræsur eða annað slíkt.Varð maður því að hafa augun vel á veginum framan við hestinn til að lenda ekki í vanda.



Á ferð um Skagafjörð Landsmótsárið 1990 höfðum við Pétur Sigurðsson bóndi á Hjaltastöðum hestaskipti á Frostastöðum. Pétur sem tamdi og ræktaði Sókron hafði þá ekki komið á bak honum í mörg ár og fannst hesturinn vera full fjörugur ekki síst þegar við nálguðumst Hjaltastaðabæinn. Í baksýn sést Leifur í Keldudal sem lóðsaði okkur yfir Héraðsvötnin af miklu öryggi.

6 vetra gamall varð Sókron í 3ja sæti í A flokki gæðinga á Landsmóti árið 1982 á Vindheimamelum, þá í eigu Ingimars Ingimarssonar á Ytra –Skörðugili, sem sýndi hann jafnframt. Eftir mótið keyptum við Gunnar hestinn og varð hann upp frá því reiðhestur minn til fjölda ára en tók jafnframt þátt í keppnum og sýningum inn á milli.

Sókron sigraði þrisvar sinnum A flokkinn á Hvítasunnumótum Fáks . Aldrei með sama knapanum þó og sýnir það hversu mikið náttúrutalent hesturinn var. Árið 1983 sýndi Ingimar Jónsson hann (Ingimar er systursonur Ingimars Ingimarssonar, báðir ættaðir frá Flugumýri). Í annað sinn Hreggviður Eyvindsson og í þriðja sinn Albert Jónsson. Hreggviður sýndi hann einnig á Landsmóti.



Hreggviður Eyvindsson og Sókron á Hvitasunnumóti Fáks.

Löngu seinna eða 1991 sýndi Atli Guðmundsson hann á Fjórðungsmóti sunnlenskra hestamanna á Hellu. Þar varð hann í þriðja sæti í A fl. gæðinga, Sæla frá Bakkakoti í öðru og Gýmir frá Vindheimum í því fyrsta. Ég sýndi hann á tveimur upptökum áhugamanna (firmakeppni) hjá Fáki og sigraði í bæði skiptin, þó það teljist ekki til neinna stórafreka þá var það mjög gaman.

Við Sókron nýbúinn að vinna á vetraruppákomu Fáks.



Hreggviður Eyvindsson og Sókron á Landsmóti á Hellu



Albert Jónsson og Sókron



Við kölluðum þennan stóra farandgrip oft *mjólkurbrúsann* en hann stóð í mörg ár á hillu í Dal eftir sigra Sókrans og Þokka í A flokki gæðinga á Hvítasunnumótum Fáks. Þeir félagarnir náðu að halda bikarnum í 5 ár. Reyndar var þetta hinn svokallaði Þórscafébikar og tók þó nokkurn tíma að þurrka rykið af honum. Á myndinni f.v. Kristbjörg Eyvindsdóttir, Valdimar formaður Fáks, Þórdís, Albert Jónsson og höfðinginn Sókron.

Keppnisferill Sókrans var sérstakur að því leyti, að hann var alltaf notaður í venjulegri reið í marga mánuði milli þess sem hugmynd kviknaði um að gaman væri að sýna hann aftur. Þá var hann sendur í smá skerpingu, eða þússaður svolítið upp fyrir eitthvað sérstakt mót eða tilefni. Það var eins og hann skildi hvað stæði til því hann varð aðeins montnari með sig enda knaparnir betri knapar en eigandinn. Alltaf var eftirsjá hér á bæ þegar hann var sendur svona í burtu um tíma. Við ímynduðum okkur þó að honum finndist svolítið gaman að spreyta sig og það að fara á skeið er ég alveg viss um að var hans besta skemmtun.



Þegar Spánarkonungur og drottning komu í Dal 1989 voru bæði Sókron og stígvélin mín þússuð .

Sókron hafði einstaka útgeislun og alveg sérstakt augnaráð eins og áður er vikið að. Hann leit til hliðar, hallaði örlítið undir flatt, kíkti svo tindrandi augum, mjög ákveðið á mann eins og hann spyrði: „Hvað viltu, hvað eigum við að fara að gera, hvað er í gangi núna“? Þannig sýndi hann bæði hlédrægni og ákveðni í senn en það var einkennandi fyrir alla hans skapgerð. Sagt er að hægt sé „að lesa hesta“ og það örugglega rétt, en eins er víst að hestar geta jafnframt lesið í menn og það gerði Sókron svo sannarlega. Hann hafði þann skemmtilega sið að hneggja undantekningarlaust á eiganda sinn og örfáa útvalda þegar komið var í hesthúsið til hans. Öll systkini hans sammæðra sem við eignuðumst gerðu slíkt hið sama. Í dag er t.d. systurdóttir hans Nýöld á húsi og hneggjar hátt á mann og annan.



Minn á brunandi ferð

Ljósmynd Ingibjörg Guðmundsdóttir

Gleði Sókrans í reið var alltaf mikil. Hún var einhvernvegin svona:

„Ég er til í hvað sem er frú mín góð, hvað má ég bjóða þér upp á?“ Þegar hann var hvað kátastur, og við ekki alveg sammála um hve hratt skyldi farið, tók hann stundum af skarið sér til skemmtunar og hoppaði í loft upp á öllum fjórum. Til hvers var verið að silast áfram á þessari lítilmótlegu milliferð sem mældist vart. Hélt svo áfram á milliferðinni að afloknu einu svona gleðihoppi og taldi ábyggilegt að knapinn, oftast ég, hefði ekkert tekið eftir neinu óvanalegu innskoti í annars óbrigðulum ganghæfileikum. Oft brá mér nokkuð við þessi óvæntu skemmtiatriði. Sérstaklega átti þetta við á sumrin, því þá var fjörið og stemningin á mínum alveg á útopnu.



Á leið til Þingvalla með Glaum, Sókron og Nasa frá V- Sámstöðum

Í hestaferðalögum vildi hann auðvitað ná síðasta hestinum væri hann í eftirrekstrinum og fara fram úr honum og svo koll af kolli. Hann vildi nefnilega vera fremstur. Ef honum var riðið í forreiðinni þá ólmaðist hann áfram svo enginn hestur næði svo mikið sem koma nálægt honum aftan frá eða upp að hliðunum. Samt var Sókrón einhvernvegin aldrei með neitt ofríki, þótt það hljómi ótrúlega. Þessi vilji myndi flokkast undir ofurfjör og maður varð að skilja það og spila með því og hafa gaman af. Það var skemmtilegt að fara á bak honum hvernig sem viðraði og undantekningalaust kom maður glaðari heim úr reiðtúrum á honum.

Í heimreiðinni að Dallandi fór Sókrón oftast á skeið sisona og fannst honum þá túrinn greinilega öðlast einhvern æðri tilgang þegar hann gat spýtt vel úr hófum og þegar honum tókst að skjóta reiðskjótum Gunnars langt aftur fyrir sig. Þá máttu menn fara að vara sig á grjótkastinu því svo mikill kraftur og keppnisandi kom upp í kappanum. Ég leyfði honum þetta oftast, enda líka skemmtun fyrir mig. Þetta var svona sérstakt samkomulag okkar á milli og þannig fór þessi litli orkubolti sáttur út í hagann sinn á sumarkvöldum. Hann bað sjaldan um skeiðið fyrir en rétt í lok reiðtúra og þá bara hér heimavið. Það var eins og hann vildi halda því til haga og láta mig vita að þetta kynni hann hesta best og hérna ætlaði hann að sýna það í verki.

Gunnar tók hann mjög oft með í trimmferðir, teymdi hann þá frá húsi og sleppti honum svo á heimleið. Það líkaði mínum og þeysti af stað eftir veginum, staldraði svo við og leit til baka á Gunnar og hina hestana en spretti svo aftur úr spori þegar þeir nálguðust. Stundum styttri hann sér leið, en hann var alla tíð mjög ratvís og heimfús og fann sér stundum styttri heimleiðir en gat þá lent í að girt væri fyrir. Þá beið hann bara rólegur eftir að verða sóttur, því honum þótti óþarfi að vera að lengja leiðina með því að fara til baka.

Atli Guðmundsson hefur sagt það um Sókrón að hann væri kjarkaðasti heigull sem hann hefur þekkt af hesti. Gunnar var eitt sinn í reiðtúr nálægt Hafravatni þar sem skátarnir eiga sér bækestöð. Hann var á heimleið með Sókrón hlaupandi frjálstan á undan sér. Framundan var hópur manna og bíla sem þrengdi veginn verulega því skátamót var þarna í gangi. Gunnar ætlaði sér að ríða í gegn og Sókrón, sem fór á undan, ætlaði sér líka í gegnum þvöguna en leist ekki á blikuna þegar hann sá þessa uppákomu á veginum. Hann snarbremsaði, blés og góndi og beið augnablik en lét sig loks vaða á síksakki í gegnum þessa „ógnvekjandi“ hindrun. Þegar hann var kominn í gegn rak hann afturendann í loft upp, rak við og hljóp síðan allt hvað af tók upp brekkurnar tvær og alla leiðina heim í Dalland.

Veturinn sem Sigurður Valdimarsson heitinn var nýbyrjaður sem tamningarmaður í Dal, lést hann sviplega í bílslysi á Sandskeiði. Atli Guðmundsson tók þá að sér þjálfun nokkurra hesta frá okkur og var með þá í Hafnarfirði. Sókrón var þar á meðal. Snemma um vorið kom Atli ríðandi upp í Dalland með hestana og Gunnar reið á móti honum. Nálægt Geithálsi biður Gunnar hann um að leysa Sókrón og leyfa honum að hlaupa frjálsum heim. Atli lýsir þessu svona.

„Ég sleppti Sókróni og hann rauk þegar af stað, en reyndar í þveröfuga átt, snarbremsaði svo, horfði í kringum sigi og hnusaði út í loftið, snarsérist síðan á punktinum og fór í loftköstum á harðastökki alla leiðina heim í Dal“.

Atli minnst þess líka að Sókon hafi oft verið notaður á haustin þegar byrjað var að trimma tamningartryppin. Stundum var bundið utan á hann eða honum riðið og þau teymd utan á öðrum hesti. Oft var honum líka sleppt og tryppin látin elta heim. Hann var alltaf frekar vel í holdum á

haustdögum og þess vegna frekar þungur á sér, en þó ekki þyngri en svo að hann spýtti það rækilega í á brokki, að ekkert tryppanna hafði við honum á stökki. (kannski voru þetta svona silaleg tryppi!)

Víkur nú sögunni að Glaumi en inn í hana tvinnast þræðir bæði Sókrans og Kráku.



Albert Jónsson sýnir Glaum á Fáksvellinum

Glaumur frá Hafsteinsstöðum Skagafirði (1980 – 2007)

Glaumur var fremur stór hestur og kröftuglega byggður, jarpur að lit. Hann var undan Busku 5444 frá Hafsteinsstöðum og Völsungi frá Hafsteinsstöðum. Alhliðagæðingur og snilldar hestur sem ég eignaðist skömmu á eftir Sókrani. Hann reyndist bæði mér og Gunnari afskaplega vel sem reiðhestur, var traustur, þíður náttúrutöltari en átti jafnframt til afburða skeið. Má segja, þegar lítið er til baka, að við höfum sennilega aldrei eignast hest sem nýttist okkur báðum jafn vel. Glaumur var þessi drauma reiðhestur; hreingengur, þjáll og vel viljugur. Reyndar var alltaf fremur erfitt að ná honum og það eltist lítið af honum. Þegar stóð til að fara á bak þurfti að eltast við hann dágóða stund í gerðinu en allt í einu stóð hann grafkyrr og lét eins og ekkert væri sjálfsgöðara en að hann væri beislaður. Alltaf varð hann sem hugur manns þegar komið var í hnakkinn. Hann var

afskaplega sterkur og þolinn á ferðalögum og vandræðalaus að ölli leiti. Hann entist okkur vel, varð aldrei misdægurt fyrr en á efri árum. Við urðum að láta fella hann nokkrum árum á undan Sókróni vegna krabbameins sem hann fékk. Hann var aldrei mikið fyrir manninn hann Glaumur minn, alveg sama hvað maður reyndi að kela og kjassa hann í gegnum árin. Samt var hann ekki kaldlyndur hestur, nennti bara ekki að hafa alltof mikið samneyti við mannskepnuna. Glaumur var sýndur á mótum, tvisvar að mig minnir. Fljótlega eftir að við eignuðumst hann sýndi Hinrik Bragason hann hjá Fákí og seinna Albert Jónsson. Gekk það prýðilega í bæði skiptin. Við keyptum hann af Skapta Steinbörnssyni og Hildi Claessen á Hafsteinsstöðum.



Glaumur frá Hafsteinsstöðum og Hinrik Bragason á Fáksmóti

Þeir Sókrón urðu miklir félagar í ellinni, en Sókróni þótti Glaumur hálfgerður kjáni svona fyrri hluta ævinnar og minnti hann oft á það. Það kom oftast í hlut Glaums að vera riðið ef ég fór með þá tvo saman í reiðtúra. Það gat nefnilega stundum reynst mér erfitt að sitja Sókrón og teyma Glaum því samkeppnin milli þeirra félaga var svo mikil. Það var Sókrón sem stjórnaði í sambandinu meðan þeir voru báðir í fullu fjöri en þegar fram liðu stundir og þessir gæðingar tóku að eldast mætti ætla að Sókrón vildi sýna Glaumi þakklæti sitt fyrir að létta svona undir með sér í gegnum tíðina. Þá varð hann afskaplega blíður við Glaum og í raun háður honum og þeir urðu alveg óaðskiljanlir.



Síðsumar í Dallandi og síðsumarið komið í félagana mína.

Glaumur var stærri hestur og sterkari og tók oft af skarið ef aðrir hestar voru að abbast upp á þá félagana í stóðinu þegar að þeir voru orðnir gamlir og hrumir. Sókron stólaði þá mikið á krafta hans.

Um það leiti sem Glaumur var felldur fyrir nokkrum árum tókst hinsvegar einstök vinátta milli Kráku gömlu og Sókrans sem verður öllum ógleymanleg sem upplifðu . Þau urðu samlokur í orðsins fyllstu merkingu og máttu aldrei frá fyrstu kynnum verða viðskila hvort við annað. Ef svo ólíklega vildi til, var hneggjað látlaust þar til fundum þeirra bar saman á ný. Stundum rukum við út til að athuga hverju þetta örvæntingarfulla hnegg sætti , héldum að eitthvað alvarlegt væri að gerast. Það þurfti þó ekki að vera meira en að annað þeirra hyrfi á bak við húsvegg eða horn. Það er nokkuð klárt að þau voru yfir sig ástfangin enda bar fyrstu fundum þeirra saman að vorlagi úti í meragirðingu og Sókron sýndi alla tilburði stóðhests bara til að ganga í augun á Kráku sinni sem þá var í látum. Þetta turtildúfustand hélst alveg til leiðarloka. Það sýnir svo glöggst hvað hestar eiga sér mikla uppáhaldsvini rétt eins og mannfólkið .



Vorið 2010, þetta er ein síðasta myndin sem tekin var af Sókróni og Kráku. Ljós. Anna María Sigurjónsdóttir.



Vonandi verða grænu grösin alltaf á vegi þeirra.



Með myndum sem teknar voru sumarið 2009 af þeim Kráku og Sókróni lýk ég kaflanum um reiðhestana mína þrjá þau Kráku, Sókrón og Glaum. Sókróni mínum þakka ég gjafmildina, lífsfjörrið, gangfimina og ýmis skemmtileg danspor sem hann tók svo rösklega með mig á bakinu. Glaumi þakka ég dugnaðinn, óskekikulu

sporin, hógværðina, viljann og þjálu lundina. Kráku þakka ég fyrir öll 13 afkvæmin sem hún átti og við nutum góðs af, hún vissi alltaf hvað hún vildi (líka þegar hún hitti Sókrón í hárrí elli) en fór samt aldrei fram með frekju, var bara yndisleg og góð. Takk, Takk, Takk!

Pokki frá Höskuldsstöðum, Eyjafirði

IS1980165519



Pokki var undan Hrafni 802 frá Holtsmúla, Skagf. og Hrafnkötlu 5246 frá Höskuldsstöðum, Eyjafirði. Við keyptum Pokka af vini okkar Sigurði Snæbjörnsyni heitnum, bónda á Höskuldsstöðum í Eyjafirði sem var að rækta marga frábæra hesta á þessum árum. Pokki var alhliða gæðingur og einstakur höfðingi í alla staði. Fasmikill og tignarlegur í framgöngu, yfirvegaður og traustvekjandi. Pokki bar nafn sitt með rentu því hann var fallegur ásýndum, eða eins og oft er sagt í dag; hann hafði mikla útgeislun. Hann bauð knapanum einhvernveginn alltaf upp á þennan jafna, þróttmikla og stöðuga vilja. Samt var svo merkilegt að börn gátu líka léttilega riðið honum. Atli Guðmundsson var sá sem sýndi Pokka oftast og þekkti best eftir að hann komst í okkar eigu, hann vann í Dal á þessum „Pokka“ árum. Rúna Einaradóttir og Ingimar Ingimarsson höfðu einnig þjálfað og sýnt hann áður með góðum árangri. Pokki var viðkvæmur í framfótum og fór svo að gera þurfti aðgerð á honum en hana gerði Brynjólfur Sandholt dýralæknir og tókst vel til. Heilan vetur, eftir fótaaðgerðina, trimmaði Eva Mandal Pokka á feti af mikilli natni og reyndist það mjög farsæl leið því um vorið var ákveðið að sýna hestinn. Pokki átti síðan „come back“ á Landsmóti 1994 er hann lenti í 3ja sæti í A flokki. Stundum spennti Atli Pokka fyrir gamlan hestasleða sem við áttum þegar mestu snjóaveturnir voru og og lét hann sér fátt um finnst og öslaði með sleðann í eftirdragi eftir vegaslóðanum, sallarólegur. Eitt sinn var

beðið um hann með örskömmum fyrirvara til að draga brúðarvagn. Það var lítið mál fyrir þokka, hann gerði það eins og hann hefði aldrei gert annað, af mikilli yfirvegun .



Búið að landa Þórscáfébikarnum og A flokksbikari Fáks 1987,

Ingimar Ingimarsson og Þokki , Gunnar og Þórdís

Þokki tók eins og áður segir þátt í ýmsum keppnum og sýningum um árabil. Hann vann m.a. A flokk gæðinga á Hvítasunnumóti Fáks 1987, þá sýndur og þjálfaður þann vetur af Ingimari Ingimarssyni. Þar var hann valinn glæsilegasti hestur mótsins. Hann vann aftur Hvítasunnumót Fáks 1992, þá sýndur af Atla Guðmundssyni. Hann varð í 3ja sæti í A flokki gæðinga á Landsmóti 1994 á Hellu með einkunina 8,75 þá fjórtán vetra gamall, þá líka sýndur af Atla Guðmundssyni. Rúna Einarsdóttir keppti einnig á Þokka á Vetrarmóti hjá Fáki 1986. Hann var svo reiðhestur Gunnars, hér heima eftir keppnisárin sín.



Þokki frá Höskuldsstöðum og Rúna Einarsdóttir á Vetrarmóti Fáks 1986.

Síðast þegar þeir félagar Sókrón og Þokki frá Höskuldsstöðum voru í bæjarferð voru þeir sýndir í Reiðhöllinni í Víðidal. Í sama skipti var höfðinginn Hrímnir frá Hrafnagili sýndur.

Þá var m.a. skrifað í Morgunblaðið:

Gamlir gæðingar sem gerðu garðinn frægan á níunda áratugnum og fyrr, komu fram. Var óneitanlega gaman að sjá þá þótt oft hafi þeir verið betri..... Sókrón frá Sunnuhvoli var einnig í góðu stuði og Þokki frá Höskuldsstöðum.

Þokki var svona hestur sem alltaf var tekið eftir hvort heldur hann var innan um aðra hesta í stóði, í stíu í hesthúsinu eða á sýningum og í keppni. Útgeislunin var svo mikil og hann var aldrei með neitt

fum eða fát, heldur stóð yfirvegaður, bar höfuðið hátt og horfði yfir svæðið. Pokki var fæddur höfðingi.



Þeir félagarnir forðum daga.....svo liðu árin



Júlí 2009, pokki og Gunnar á Búrfellinu , Hafravatnið og Úlfarsfell í bakgrunni

Heiðursverðlaunahryssan

Dúkkulísa frá Dallandi, Mosfellsbæ

IS183225005

Dúkkulísa og Kráka voru báðar undan Lýsu frá Efri Rotum en faðir Dúkkulísu var Hrafn frá Holtsmúla. Hún var fyrst sýnd í kynbótadómi árið 1990 af Ingimari Ingimarssyni og svo aftur 1992 af Atla Guðmundssyni og fékk 8.14 í aðaleinkunn.



Ingimar Ingimarsson og Tinna Ingimarsdóttir á baki Dúkkulísu í Víðidal

Dúkkulísa fékk heiðursverðlaun fyrir afkvæmi á Landsmótinu á Vindheimamelum 2006.

Afkvæmi Dúkkulísu urðu alls ellefu .

Umsögn á Landsmóti 2006 var þessi:

Dúkkulísa gefur stór hross með skarpt höfuð en djúpa kjálka. Hálsinn er reistur, herðar háar, bakið mjúkt og lendin djúp. Hrossin eru fótahá en brjóstdjúp, fótagerð þokkaleg, sínar öflugar og fætur þurrir. Framfætur eru útskeifir en nágengir en hófar efnisþykkir, þrúðleiki slakur. Afkvæmi hafa flest allan gang rúman og taktgóðan. Viljinn er mikill og þjáll og þau bera sig vel.

Dúkkulísa var einstaklega farsæl ræktunarmeri og hafa nú fimm fyrstu verðlauna merar undan henni verið notaðar í Dallandsræktuninni. Þetta eru þær Dalla, Dýrleif, Hetja, Hríma og Duna.

Síðasta afkvæmi Dúkkulísu heitir Draumadís og er hún bleikblesótt , undan Stála frá Kjarri.



Draumadís undan Stála og Dúkkulísu yngdi verulega meðalaldur hrossanna í mýrinni sumarið 2008, því þar aðeins öldungarnir á bænum.

Þess má geta að Hríma dóttir Dúkkulísu var hæst dæmda hryssa yfir landið í fjögurra vetra flokknum árið 2005 með einkunina 8.40 fyrir hæfileika og Dalla önnur dóttir Dúkkulísu varð m.a. Íslandsmeistari í 250 metra skeiði árið 2007 á Íslandsmóttinu í hestaíþróttum á Dalvík svo eitthvað sé nefnt af keppnisárangri Döllu á skeiðbrautinni.

Dúkkulísa var með sérlega ljúfa og þjála lund og meðfærileg á allan hátt . Hún hafði svipað geðslag og móðir hennar Lýsa, svolítið sérviskulegar báðar tvær í samneyti við önnur hross en mjög ljúfar og meðfærilegar við mannfólkið. Þetta lundarfar virðist erfast. Þetta eru hrekklaus hross með öllu, dálítill spennu í viljanum en alltaf undir stjórn knapans og ekkert ofríki til. Hrossin undan henni eru langflest þæg , hreyfa sig fallega, og eru ýmist klárhross eða alhliða og þau reyna alltaf að gera sitt besta eins og tamningamenn og þjálfarar hafa sagt um Dúkkulísu sjálfa. Í dag sjáum við oft svip og hegðunarmynstur Dúkkulísu í hryssunum undan henni og er yndislegt að upplifa svoleiðis framhaldslíf góðs einstaklings.

Ein lítil saga af Dúkkulísu og syni hennar Þór hinum stóra.

Þegar Dúkkulísa kastaði í næst síðasta sinn gekk mjög treglega að ná folaldinu út. Þetta var gríðarlega stórt folald, hestur undan Þokka frá Kýrholti. Annar framfóturinn sat fastur inni en höfuðið var allt komið út og hinn fóturinn, þegar vandræðin hófust. Sem betur fer höfðum við vaktað hryssuna. Hringt var í Þorvald dýralækni um miðja nótt og kom hann innan skamms tíma. Dúkkulísa var svæfð og folaldinu ýtt aftur inn. Dýralæknirinn fór inn með hryssunni, fann fótinn í krumpi og náði taki á honum og síðan voru sett bönd á báða fætur og tókst okkur Gunnari að draga folaldið út um leið og Þorvaldur ýtti meðfram. Aðalmálið var að bjarga hryssunni og við héldum öll að folaldið væri þegar dautt. En þegar folaldið var komið út sáum við Gunnar það blikka auga og var það auðvitað mikill léttir. Það kom í ljós að þetta var hinn myndarlegasti hestur en ekki komst hann strax á lappirnar enda voru þær engin smásmíði og flæktust bara fyrir honum.

Dúkkulísa var nú vakin úr dáinu og bröltið og köstin voru svo mikil að minnstu munaði að folaldið, við Gunnar og læknistaska Þorvaldar lentum undir henni. Nóttin leið og ekki var annað að gera en mjólka úr spenum móðurinnar í pela og koma heitum sopa ofan í „litla risann“. Þetta tókst með umtalsverðu brasi og fékk folaldið ágætis mjólkurhristing.

Alla nóttina og allan næsta dag var legið á vöktum á túninu við hlið hryssunnar og folaldsins og reynt að koma því á spena þar sem það lá við júgríð eins og hvolpur. Þannig lærði það að sjúga. Svo stóð Þór hinn stóri upp tveimur dögum seinna og hélt áfram að sjúga, bara lóðréttur.





Folaldinu var gefið nafnið Þór. (í höfuðið á Þorvaldi og Þórdísi sagði bóndinn) . Það sem okkur þótti undravert og einstakt, var að Dúkkulísa virtist fullkomlega átta sig á að nú dygði ekkert nema rólegheitin gagnvart þessu tiltekna afkvæmi . Sennilega hefur hún hugsað sem svo að þetta væri hinn mesti klaufi sem kynni hvorki að standa né sjúga og því best að taka á þessu með þolinmæðinni. Þannig lá hryssan alla nóttina, allan næsta dag og meira til og hreyfði sig aðeins þegar hún stóð upp í örstutta stund til að bíta smávegis gras og fá sér að drekka . Lagðist svo aftur á hina hliðina til að gefa folaldinu sem bestan aðgang að spenunum . Hún var auðvitað líka dauðþreytt . Síðan fór þetta allt að ganga í rétta átt og loks stóð Þór í alla fjóra fætur og brölti af stað á taktlausum bægsлагangi í fyrstu Þá hýrnaði heldur betur yfir móðurinni og fósturu hennar. Við eigum tvær merar undan Þór og Héraðsdalshryssunum Yrpu og Syrpu. Í dag á Þór orðið nýjan eiganda í Svíþjóð.

Lýk ég hér með þessum skrifum , en myndir af Dúkkulísu og afkvæmum hennar fylgja hér á eftir.

Dallandi, 2010-2011 Þórdís Alda Sigurðardóttir



Dúkkulísa 26 vetra, sumarið 2009



2010, Stóðhestur út frá Dúkkulísu, Þorkell 4ra vetra undan Hrímu Dúkkulísudóttur og Þóroddi



Atli og Dúkkulísa eftir sýningu í kynbótadómi



Hríma dóttir Dúkkulísu og Hugins frá Haga fór í hæsta dóm yfir landið í fl. 4.v .hryssna árið 2005



Heiðursverðlaunaafhending á LM.2006 fv. Helle og Hetja, Þórdís og Dúkkulísa Halldór og Hríma

